

Þingsályktun

**um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum
gagnvart Evrópusambandinu.**

Alþingi ályktar, með hliðsjón af ályktun Vestnorræna ráðsins á ársfundi 2004, að fela ríkisstjórninni, í samvinnu við landsstjórnir Færeyja og Grænlands, að efla samstarf Vestur-Norðurlanda um ýmis markmið í fiskveiðimálum gagnvart Evrópusambandinu.

Samþykkt á Alþingi 2. júní 2006.